

Hafnarfjörður, 8. febrúar 2023  
ONE mál nr. 2301428

Til bæjarráðs

***Svör við fyrirspurn vegna olíuleka hjá Costco***

Fyrirspurn

Á fundi bæjarráðs þann 9. febrúar nk. er verður lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

*„Lögð fram fyrirspurn frá Samfylkingunni. Hver er eftirfylgja bæjarins varðandi mengunarslys/olíuleka hjá Costco í Garðabæ í desember s.l. og fór um lagnakerfi Hafnarfjarðarbæjar? Hafa verið könnuð áhrif lekans á hugsanlega mengun sjávar utan Hafnarfjarðar? Hvenær er áætlað að ljúka samstarfi við Garðabæ um viðtöku frárennslis frá Urriðaholti í Garðabæ í lagnakerfi Hafnarfjarðarbæjar? Hvað greiðir Garðabær Hafnarfirði fyrir þessa þjónustu? Skriflegra svara er óskað.“*

Svar

Varðandi eftirfylgni.

Heilbrigðiseftirlitið hefur skv. lögum eftirlitsskyldu með bensínstöðvum og er því með á sínu borði eftirfylgni málsins í samráði við Umhverfisstofnun. Heilbrigðiseftirlitið hefur haldið umhverfis- og veitustjóra upplýstum um gang mála og haft samráð um aðgerðir. Forráðamenn Costco hafa brugðist við ítrekuðum fyrirspurnum heilbrigðiseftirlitsins og upplýst um að framleiðendur búnaðarins ásamt fulltrúum Costco séu að ganga frá endanlegri skýrslu um málið. Þeir hafa þeir óskað eftir fresti til að ná saman öllum gögnum málsins. Sá frestur hefur verið veittur.

Starfsmenn fráveitu hafa fylgst með svæðinu utan við Hraunavík og ekki orðið varir við olíuflekki. Einnig hafa þeir farið í fjöruna til að athuga hvort olíubrúk sé sjáanleg í fjöruborðinu eða önnur merki um mengun. Þeir hafa ekki orðið varir við neitt óeðlilegt. Haft hefur verið samband við Björgunarsveit Hafnarfjarðar um að ganga fjöruna milli Straumsvíkur og Hvaleyrarlóns til að skoða hvort ummerki séu sjáanleg. Auk þess stendur til að taka sýni af botninum við enda útrásarinnar til skoðunar.

Samningi við Garðabæ var sagt upp þann 1. September 2022 og er 1 árs uppsagnarfrestur á samningi. Gera má ráð fyrir að það taki Garðabæ lengri tíma að leysa sín mál en þetta ár og er áætlað að þjónustu við fráveitu Garðabæjar ljúki ca 2027-2028.

Garðabær greiðir rúmlega 12 milljónir á ári fyrir þjónustuna, hægt er að endurskoða upphæðina þegar uppsögn tekur gildi.

Sigurður Haraldsson sviðsstjóri  
Guðmundur Elíasson umhverfis- og veitustjóri